



UMSJÓNAR- OG EFTIRLITSMANNA Á TÆKNIDEILD VESTURSVÆÐIS Á ÍSAFIRÐI

Vegagerðin auglýsir eftir umsjónar- og eftirlitsmanni með nýframkvæmdum og viðhaldi á tæknideild Vestursvæði. Um er að ræða fullt starf á starfsstöð á Ísafirði.

Starfssvið

Við erum að leita eftir umsjónar- og eftirlitsmanni sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi verkefni. Umsjón- og eftirlit með framkvæmda- og viðhaldsverkefnum. Áætlanagerð, tæknilegur undirbúningur og eftirfylgni með framkvæmdum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræðimenntun er kostur
- Reynsla af ámóta störfum er kostur
- Reynsla af umsjónar- og eftirlitsverkefnum er kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar 2021. Áhugasamir eru beðnir að sækja um starfið á www.vegagerdin.is

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pálmi Þór Sævarsson svæðisstjóri Vestursvæðis palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is og í síma 522 1000.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.